

um frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og tók fjárhagsnefnd efri deildar þátt í athugun málsins. Á sameiginlegum fundum kynntu nefndirnar sér efni frv. og ræddu um það. M. a. var þar rætt um að gera nokkrar breytingar á frv., og eru tillögur um það bornar fram á þessu þingskjali. Breytingartillögurnar eru fluttar í samráði við ríkisstjórnina, og á fundum fjárhagsnefndanna kom ekki fram neinn ágreiningur um þær.

Ekki hefur orðið samkomulag um afgreiðslu málsins í nefndinni. Þeir nefndarmanna, BÓ, EOI og ÓB, lýstu sig andvígá frv., og munu þeir gefa út sérstök nál. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, samkvæmt því er að framan segir, en áskiljum okkur rétt til að flytja nýjar brtt. og fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað „II. kafla“ komi: II. og III. kafla.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina komi: sbr. þó 5. gr.
3. Við 7. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
Grunnlaun sjómanna, eftir ákvæðum kjarasamninga um kauptryggingu, hækka frá 1. júní 1958 samkvæmt 52. gr.
4. Við 12. gr. Í stað „14. maí“ komi: 15. maí.
5. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
Útflutningssjóður skal greiða váttryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 1. jan. til 14. maí 1958. Skal greiða $\frac{1}{2}$ ársiðgjald, svo framarlega sem bátnum hefur verið haldið úti a. m. k. $3\frac{1}{2}$ mánuð á þessu tímabili, en sé úthaldstíminn styttri, lækkar greiðslan hlutfallslega.
Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði váttryggingariðgjöld fiskibáta fyrir tímabilið 15. maí til 31. des. 1958. Sé þessi heimild notuð, skal greiða fullt ársiðgjald samkvæmt henni og 1. mgr. þessarar greinar, ef úthaldstími bátsins á árinu 1958 er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.
Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.
6. Við 26. gr. Í stað 2. málsg. komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:
Vextir af erlendum yfirdráttarlánum og öðrum erlendum lausaskuldum þeirra banka, er verzla með erlendan gjaldeyri, skulu vera undanþegnir yfirfærslugjaldi. Á sama hátt skal eigi greiða yfirfærslubætur á vaxtatekjur þessara banka af erlendum innstæðum og verðbréfum.
Allar greiðslur hérlendra banka til útlanda til eigin þarfa aðrar en þær, er um ræðir í 2. mgr. þessarar gr., eru háðar yfirfærslugjaldi, og á sama hátt skal greiða yfirfærslubætur á samsvarandi greiðslur erlendis frá til hérlendra banka.
7. Við 32. gr. Í stað „14. maí“ komi: 1. júní.
8. Við 53. gr. Við 2. mgr. bætist: Sama gildir um bætur samkv. lögum nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.
9. Við 56. gr. 2. málsg. orðist svo:
Við útreikning á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvaxa 1958 samkvæmt II. kafla laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skulu laun bónda og verkafólks hans ákveðin 5% hærri en þau hefðu orðið, ef ekki hefði verið ákveðin 5% hækkun á grunnlaunum samkv. 52. gr.

Alþingi, 18. maí 1958.

Skúli Guðmundsson,
form., frsm.

Emil Jónsson,
fundaskr.